



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Mar 2011

2. tbl. 18. árg.

## Takið Eintak



**Að ofan:** Hún "Sigga okkar", Sigríður Hrólfsdóttir var gerð að heiðursfélaga á aðalfundinum 12. febrúar.

**Til hliðar:** Frá kynningu á opnu húsi um daginn.



## Munið veiðileyfasöluna



# INTERSPORT

Lindum Skógarlind 2, sími: 585 7239  
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239

**OPIÐ 7 DAGA VIKUNNAR**



# Uppskriftin

## Pönnusteikur lax á sítrus-engifersósu

### Hráefni:

800 g lax  
hveiti  
4 msk olía  
100 g smjör

1 skalotlaukur  
¼ tsk engifer  
2 appelsínur  
2 greipaldin  
1 sítróna  
3 dl rjómi  
100 g smjör  
salt  
pipar

### Aðferð:

Laxinn er afhreistraður og skorinn í 200 g sneiðar. Olían er hituð á pönnu. Laxinum velt upp úr hveiti, hann steiktur á pönnunni í 2-3 mínútur á hvorri hlið og kryddaður með salti og pipar. Þegar laxinn er steiktur er hann tekinn af pönnunni og haldið heitum.

Skalotlaukurinn er saxaður ásamt engiferinu. Blandan er kraumuð á pönnunni og krydduð með salti og pipar. Safa úr appelsínu, greipaldin og sírónu er hellt á pönnuna og hann látinn sjóða niður. Þá er rjómanum bætt í, látið sjóða í 2 mínútur og smjörinu síðan hrært út í. Að lokum er sósan sett í blandara og þeytt.

Sósan er látin á fjóra diska. Steikti laxinn er settur ofan á sósuna og skreytt með appelsínu- og greipaldinlaufum og mintulaufi.

Úr bókinni: Ljúfmeti úr Laxi og Silungi

*Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum*



# FJARÐARKAUP

*Verzlun Veiðimannsins*

# Veiðileyfin

Ágætu félagar

Meðfylgjandi er úthlutun fyrir sumarið 2011.

Reynt var eftir fremsta megni að færa sem minnst til af því sem þið félagsmenn góðir sóttu um, en það var ekki alltaf hægt.

Dæmi var um allt að fjórar til fimm umsóknir um sömu helgina í Djúpatn. Þá getur verið erfitt að koma hlutunum rétt saman.

Vonum að þetta fari allt þokkalega og upplýsingar um sölundagana eru hér fyrir neðan.

Kveðja  
Stjórnin

---

## Veiðileyfásalan fer fram á skrifstofu félagsins að Flatahrauni 29 á eftirfarandi dögum:

14. mars 18:00 til 22:00

15. mars 18:00 til 22:00

## Lokadagur

21. mars 18:00 til 22:00

Athugið að eftir 21. mars fara öll okkar umframleyfi beint inn á leyfi.is, eftir það getum ekki boðið ykkur leyfin á "innanfélagsverði".

Stjórnin

---

## Opin hús framundan:

- |           |  |
|-----------|--|
| 10. mars  | Opið hús - Hnýtingar og spjall   |
| 17. mars  | Kynning. Jóhannes Sturlaugsson líffræðingur kemur í heimsókn og segir frá rannsóknum í Þingvallavatni og Kleifarvatni o.fl.. |
| 24. mars  | Opið hús - Hnýtingar og spjall   |
| 7. apríl  | Opið hús - Matsveinn í heimsókn  |
| 14 .apríl | Opið hús - Hnýtingar og spjall. Skil á flugum.   |
| 20 .apríl | Lokahóf. Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta.   |



Öll óseld veiðileyfi SVH fara á  
[www.leyfi.is](http://www.leyfi.is) að lokinni úthlutun og sölu

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar  
Upplýsingar: [stjorn@svh.is](mailto:stjorn@svh.is)

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan  
fyrir ýmsar veislur.  
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

